

# Sterkari innviðir – aukinn árangur

**Almar Guðmundsson**  
framkvæmdastjóri SI

PPP verkefni – ábati og áhættur  
Ráðstefna Deloitte og Samtaka iðnaðarins 24. ágúst

## Hvað eru innviðir?

- ✓ Félagslegir innviðir  
(e. *Social infrastuctre*), t.d. skólar og sjúkrahús
- ✓ Hagrænir innviðir  
(e. *Economic infrastructure*), t.d. vegir og veitukerfi
- ✓ Hönnun og uppbygging helstu innviða hefur mikil áhrif á hagþróun
- ✓ Lífskjör og velmegun er þannig nátengd innviðum
- ✓ Samkeppnishæfni Íslands oft verið tengd við trausta innviði

## Sterkari innviðir

- ✓ Á heimsvísu er brýn nauðsyn að styrkja innviði í samgöngum, fjarskiptum og veitustarfsemi að mati OECD
- ✓ Fjárfesting í innviðum styður við hagvöxt, eykur framleiðni og bætir lífskjör
- ✓ Hið opinbera getur ekki staðið eitt og sér undir nauðsynlegri fjárfestingu í innviðum í gegnum samneysluna
- ✓ Einkaaðilar geta brúað bilið og létt undir hinu opinbera
- ✓ Nákvæmlega sama staða er uppi á Íslandi
- ✓ **Styrking innviða mun bæta árangur okkar**



### Fostering Investment in Infrastructure

Lessons learned from  
OECD Investment Policy Reviews

JANUARY 2015

## Uppbygging innviða er ekki hagstjórnartæki

- ✓ Umfangsmiklar innviðafjárfestingar geta haft veruleg áhrif á efnahagslífið
- ✓ Framkvæmdir geta bæði aukið á þenslu en líka dregið úr slaka allt eftir því hvernig staðan er hverju sinni og umfangi framkvæmda
- ✓ Undirbúnings- og framkvæmdatími innviðaframkvæmda er langur og erfitt að tímasetja framkvæmdir m.t.t. efnahagsástands
- ✓ Vafasamt að nota brýnar og arðbærar innviðafjárfestingar til að hafa bein áhrif á hagsveifluna
- ✓ Skýr langtímastefna þarf að vera fyrir hendi og uppbygging stöðug og jöfn


## Hversu mikið er framlag innviða til hagkerfisins?

- ✓ Lykilspurning sem ætti að móta stefnu og ákvarðanir
- ✓ Uppbygging innviða hefur í grunninn tvíþætt áhrif:
  - Bein skammtímaáhrif – aukin umsvif samhliða framkvæmdum
  - Óbein langtímaáhrif – aukin framleiðni framleiðsluþátta (fólks og fjármagns)
- ✓ Innviðafjárfestingar styðja við allar aðrar fjárfestingar og uppbyggingu
  - Skortur á innviðum takmarkar gjarnan fjárfestingar í öðrum greinum
- ✓ Innviðir eru þannig undirstaða hagvaxtar og velferðar
  - Veikir innviðir leiða til þjóðhagslegs taps
- ✓ Fjárfestingar í innviðum sem eru þjóðhagslega arðbærir leiða til mun meiri ábata en kostnaðar við verkefni

## Framleiðni og fjárfesting


- ✓ Framleiðni á hverja vinnustund á Íslandi er lág í alþjóðlegu samhengi
- ✓ Framleiðnivöxtur á Íslandi hefur gefið eftir á síðustu árum
  - Skýrist m.a. af lágu fjárfestingastigi síðustu misseri.
- ✓ Efnhagslífið á síðustu árum hefur verið drifið áfram að nýtingu auðlinda (ferðaþjónustu) en ekki aukinni framleiðni vinnuafls og fjármagns
- ✓ Forsenda þess að framleiðni fari vaxandi á ný:
  - Bætt menntun
  - Aukin nýsköpun
  - Aukin fjárfesting, þ.m.t. í innviðum

# Helstu efnahagslegu innviðir



## Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu 1997-2016

- ✓ Sögulegt meðaltal fjárfestinga af landsframleiðslu er um 24%
- ✓ Síðustu 7 árin hefur fjárfestingastigið verið frá 12-16% af landsframleiðslu en þokast nú loks í 20%.
- ✓ Fjárfestingastigið er ennþá nokkuð lágt, sérstaklega þegar kemur að opinberum fjárfestingum
- ✓ Fyrir unga þjóð eins og Ísland þarf fjárfestingastigið vera yfir 20% af landsframleiðslu til að tryggja eðlilegan vöxt í framleiðslugetu




Heimild: Hagstofa Íslands

■ Atvinnuvegafjárfestingar ■ Íbúðafjárfestingar ■ Opinber fjárfesting



# Afleiðingar lítillar fjárfestingar

Fjármunaeign og afskriftir 1994-2014  
vísitala = 100 árið 2005




Þegar afskriftir vaxa hraðar en fjárfestingar minnkar fjármunaeign okkar, þ.m.t. innviðirnir

Heimild: Hagstofa Íslands

— Magnvísitala fjármunaeignar — Magnvísitala afskrifta

## Opinber fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu 1997-2015


- ✓ Sögulega hefur opinber fjárfesting verið á bilinu 4-5% af landsframleiðslu
- ✓ Síðustu 7 árin hefur fjárfestingastigið verið á bilinu 2-3% af landsframleiðslu
- ✓ Það vantar því 1-2% af landsframleiðslu á hverju ári upp í eðlilega innviðafjárfestingu:
- ✓ Það eru 20-40 milljarðar á ári
- ✓ Skoðum dæmi:



# Skoðum vegafjárfestingar sérstaklega

- ✓ Vegafjárfestingar eru líklega dýrustu innviðirnir
- ✓ Slíkar fjárfestingar hafa því miður sveiflast með hagsveiflunni og haldist í hendur við tekjur hins opinbera.
- ✓ Vegafjárfestingar hins opinbera hafa heilt yfir farið minnkandi, sérstaklega sem hlutfall af landsframleiðslu
- ✓ Skoðum dæmi:

Vegafjárfesting 1998-2014 í milljónum króna á föstu verðlagi 2014




Heimild: Hagstofa Íslands

■ Vegafjárfesting á föstu verðlagi 2014


# Mikil þörf á vegafjárfestingum

- ✓ Sögulega hafa opinberar fjárfestingar í vegakerfinu verið á bilinu 1,5-2% af landsframleiðslu
- ✓ Síðan 2009 hefur hlutfallið verið undir 1%
- ✓ Á sama tíma hefur umferð aukist mikið, ekki síst með auknum ferðamannastraumi.
- ✓ Árlega vantar því a.m.k. 0,5% af landsframleiðslu í vegafjárfestingar
- ✓ Frá árinu 2009 nemur það um 60 milljörðum eða um 8,5 milljörðum árlega

## Vegafjárfestingar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu 1998-2014



# Árið 2016 eykst umferð um 9% milli ára – á sama tíma er engin aukning í vegafjárfestingu



Heimild: Hagstofa Íslands og Vegagerðin  
\*Vegafjárfesting 2015 og 2016 áætluð af SI

## Samandregið

- ✓ Fjárfestingar hafa verið litlar síðustu 7 ár
  - Fjárfestingarumhverfið hefur verið erfitt og fjárhagur hins opinbera bágborinn
  - Atvinnuvega- og íbúðafjárfesting er að ná sér á strik
- ✓ Gróflega má ætla að uppsöfnuð fjárfestingarpörf síðustu ára sé 500 milljarðar
  - Þar af vantar um 120 milljarða í opinbera fjárfestingu...
  - ... og yfir 60 milljarða í vegakerfið
- ✓ Áætlanir um opinber fjármál benda þó ekki til að innviðafjárfestingar muni vaxa í takt við þörf
- ✓ **þörf er á fjölbreyttari möguleikum í fjármögnun fjárfestinga í innviðum**
- ✓ **Styrking innviða mun auka árangur í formi aukinnar framleiðni og betri lífskjara**